

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1244/2010

2012/EES/54/14

frá 9. desember 2010

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (*)

(Texti sem varðar EES og Sviss)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽¹⁾,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽²⁾, einkum 92. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tvö aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra hafa farið fram á að VIII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 883/2004 verði breytt.
- 2) Tiltekin aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra hafa farið fram á að 1. og 2. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009 verði breytt.
- 3) Nauðsynlegt er að aðlaga VIII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 883/2004 og 1. og 2. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009 til að taka tillit til nýrrar þróunar sem orðið hefur á löggjöf aðildarríkjanna og tryggja hagsmunaaðilum gagnsæi og réttaröryggi.
- 4) Framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa hefur samþykkt breytingarnar.
- 5) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 338, 22.12.2010, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 21.6.2012, bls. 29.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

a) Í stað liðarins „PORTÚGAL“ í 1. hluta komi eftirfarandi:

„PORTÚGAL

Allar umsóknir um örorku-, elli- og eftirlifendalífeyri, þó ekki í þeim tilvikum þar sem samanlögð tryggingatímabil, sem er lokið samkvæmt löggjöf í fleiri aðildarríkjum en einu, jafngilda 21 almanaksári eða meira en innlend tryggingatímabil eru 20 ár eða styttri og útreikningur er gerður skv. 32. og 33. gr. lagaúrskurðar nr. 187/2007 frá 10. maí 2007.“

b) Í 2. hluta bætist eftirfarandi nýr liður við á eftir liðnum „PÓLLAND“:

„PORTÚGAL

Viðbótarlífeyrir er veittur samkvæmt lagaúrskurði nr. 26/2008 frá 22. febrúar 2008 (opinbert fjármögnunarkerfi).“

2. Liðnum „HOLLAND“ í I. hluta IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í staðinn fyrir „Lög frá 18. febrúar 1966 um örorkutryggingar fyrir launþega (WAO), með áorðnum breytingum“ komi „Lög frá 18. febrúar 1966 um tryggingar vegna fötlunar (WAO), með áorðnum breytingum“.

b) Í staðinn fyrir „Lög frá 24. apríl 1997 um örorkutryggingar fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga (WAZ), með áorðnum breytingum“ komi „Lög frá 24. apríl 1997 um bætur vegna fötlunar til sjálfstætt starfandi einstaklinga (WAZ), með áorðnum breytingum“.

c) Í staðinn fyrir „Lög frá 21. desember 1995 um almennar tryggingar eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna (ANW)“ komi „Lög frá 21. desember 1995 um almennar tryggingar eftirlifenda (ANW)“.

d) Í staðinn fyrir „Lög frá 10. nóvember 2005 um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu (WIA)“ komi „Atvinna og tekjur samkvæmt lögum frá 10. nóvember 2005 um starfsgetu (WIA)“.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 987/2009 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í liðnum „BELGÍA-HOLLAND“ falli a-liður brott.
- b) Liðurinn „ÞÝSKALAND-HOLLAND“ falli brott.

c) Liðurinn „HOLLAND-PORTÚGAL“ falli brott.

d) Liðurinn „DANMÖRK-LÚXEMBOURG“ falli brott.

2. Í stað „31. og 41. gr.“ í fyrirsögn 2. viðauka komi „2. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 41. gr.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.
